

## Ráðning í störf hjá Vestmannaeyjabæ

Í fimmta kafla bæjarmálasamþykktar Vestmannaeyjabæjar eru greinar um ráðningar starfsmanna og hljóða þær þannig:

### **67. gr.**

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem framkvæmdastjóra fagsviða og yfirmenn stofnana og veitir þeim lausn frá störfum nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

### **68. gr.**

*Bæjarstjóri ræður aðra starfsmenn en þá sem greint er frá í 67. gr. nema á annan veg sé mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem bæjarstjórn setur.*

Eins og sjá má er meginreglan sú að allar nýráðningar skulu fara í gegnum bæjarstjóra ef frá eru taldar ráðningar í helstu stjórnunarstöður. Bæjarstjóri skal skv. 68. gr. ganga frá ráðningu annarra starfsmanna en þeirra sem kveðið er á um 67. gr., nema á annan veg sé mælt s.s. í lögum og reglugerðum, sbr. reglum sem bæjarstjórn setur.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir ráðningu starfsmanna í umboði bæjarstjóra og á það við hvort ráðið er í nýtt starf eða í starf sem losnar hjá bænum.

Framkvæmdastjórar leggja ráðningasamninga yfirmanna stofnana fyrir viðkomandi fagråd til samþykktar.

### **Ráðning í laust starf.**

Framkvæmdastjórar og forstöðumenn sem sjá um ráðningar f.h. bæjarins þurfa að hafa eftirfarandi í huga við ráðningu í starf sem þegar til staðar:

1. Ávallt skal meta þörf fyrir ráðningunni, þ.e. hvort hægt sé að hagræða í rekstri annað hvort með tilfærslu á þeim starfsmönnum sem fyrir eru eða með því að leggja starfið niður.
2. Forstöðumaður skal ávallt leita samþykkis framkvæmdarstjóra áður en ráðið er í laust starf.
3. Áður en ráðið er í viðkomandi starf, ber að auglýsa það. Ekki er þó skylt að auglýsa í afleysingastöður nema framkvæmdastjóri telji slíkt við hæfi.
4. Áður en gengið er frá ráðningasamning skal forstöðumaður bera ráðningu undir framkvæmdarstjóra.
5. Eftir að ráðið hefur verið í starfið ber ávallt að gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmanninn og skrifar hlutaðeigandi forstöðumaður undir samninginn f.h. bæjarins.

6. Um starfskjör fer eftir ákvæðum kjarasamninga, alla persónubundna ráðningarsamninga ber að leggja undir hlutaðeigandi framkvæmdastjóra til samþykktar.
7. Ef einstaklingur nákominn framkvæmdastjóra sækir um starfið, s.s. maki hans, skyldmenni í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða að öðru leyti séu fyrir aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni framkvæmdastjóra í efa, þá ber hlutaðeigandi framkvæmdastjóra að láta bæjarstjóra vita og láta hann sjá um ráðningarferilinn, þ.e. meta umsóknir og ráða í starfið.
8. Senda skal ráðningarsamninginn til launadeildar og fylgigögn ef þurfa þykir, s.s. prófskírteini.

### **Aukning við stöðugildi stofnunar**

Öllum þeim sem sjá um ráðningar f.h. bæjarins ber að hafa eftirfarandi í huga við ráðningarferli þegar breytingar eru gerðar á starfsmannahaldi, þ.e. ef auka á við stöðugildi stofnunarinnar. Senda skal beiðni um heimild til ráðningar til bæjarráðs.

Erindinu skal fylgja stutt greinargerð þar sem fram skal koma:

- a. Starfsheiti og starfskröfur.
  - b. Hvort verið sé að auka við starfshlutfall stofnunarinnar eða hvort verið sé að breyta starfsfyrirkomulagi hjá starfsmönnum.
  - c. Stutt verklýsing á starfinu.
2. Áður en starfið er auglýst skal liggja fyrir ákvörðun bæjarráðs.
  3. Eftir að samþykki hefur verið fengið, ræður viðkomandi framkvæmdastjóri í starfið og gerir skriflegan ráðningarsamning við hlutaðeigandi starfsmann og skrifar undir hann f.h. bæjarins.
  4. Um starfskjör fer eftir ákvæðum kjarasamninga, alla persónubundna ráðningarsamninga ber að leggja undir hlutaðeigandi framkvæmdastjóra til samþykktar.
  5. Ef einstaklingur nákominn framkvæmdastjóra sækir um starfið, s.s. maki hans, skyldmenni í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða að öðru leyti séu fyrir aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni framkvæmdastjóra í efa, þá ber hlutaðeigandi framkvæmdastjóra að láta bæjarstjóra vita og láta hann sjá um ráðningarferilinn, þ.e. meta umsóknir og ráða í starfið.
  6. Senda skal ráðningarsamninginn til launadeildar og fylgigögn ef þurfa þykir, s.s. prófskírteini.